



Vélatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. EV10

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EV10.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Áhættubreyting
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Eigendaskipti
13. Vátryggingarfjárhæð
14. Eigin áhætta
15. Ákvörðun bóta
16. Undirtrygging
17. Tvítrygging
18. Framsal
19. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

- 1.1 Vátryggingin tekur til véla og búnaðar vátryggðs sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Vélar eru vátryggðar þegar þær eru tilbúnar til notkunar. Nýr útbúnaður er vátryggður þegar uppsetningu hans er endanlega lokið og hann hefur staðist prófun sem félagið samþykkir.
- 1.3 Vátryggingin gildir hvort sem hinir vátryggðu hlutir eru í notkun eða ekki, sundurteknir vegna hreinsunar eða viðgerðar, í tilflutningi á lóð vátryggðs eða í endursamsetningu.

Vátryggingin tekur ekki til :

- 1.4 Hvers konar tækja sem ætlast er til að skipt sé um reglulega, svo sem bora, mulningstækja, steypumóta, hnífa, sagarblaða, slípisteina og stansa.

- 1.5 Færifanda, sigta og slangna, gúmmí-, tau- og plastfóðringa og strimla, bursta og hjólbarða, reipa, keðja og belta, hluta úr gleri, postulíni eða leir.
- 1.6 Undirstaðna, múrsteinsklæðninga í eldholum, ofnum og ílátum, eldrista, brennarastúta.
- 1.7 Eldsneytis, sía, kælmiðla, hreinsiefna, smurningar, olíu.
- 1.8 Hvata, kemískra efna, blöndunarefna.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi vélanna er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í vélunum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón eða skemmdir á hinum vátryggðu vélum sem kalla á viðgerðir eða skipti á hlutum af völdum:

- 4.1 Tilfallandi vinnsluóhoppa svo sem þegar:
 - 4.1.1 Vél eða búnaður er vanstilltur.
 - 4.1.2 Hlífðarbúnaður bilar eða reynist gallaður.
 - 4.1.3 Hlutir losna eða aðskotahlutir komast í vélina.
- 4.2 Þess að hlutir bresta vegna miðflóttakrafts.
- 4.3 Vatnsskorts í gufukötlum eða þrýstikerjum.
- 4.4 Yfir- eða undirþrýstings, nema atvik valdi sem eru undanskilin samkvæmt gr. 4.12.
- 4.5 Skammhlaups, of hárrar rafspennu eða of mikils rafstraums, nema orsakir séu atvik sem undanþegin eru samkvæmt gr. 4.12.
- 4.6 Veikleika eða galla í hönnun, efni eða smíði og rangri uppsetningu, sbr. þó gr. 4.15.



- 4.7 Rangrar notkunar, kunnáttuleysis, vanrækslu eða ásetnings starfsmanna, með fyrirvara um gáleysis- og/eða ásetningsverknað sem fram kemur í gr. 4.11.
- 4.8 Storms.
- 4.9 Hvers konar óhappa sem ekki eru undanþegin hér á eftir.
- Vátryggingin bætir ekki tjón eða skemmdir af völdum:
- 4.10 Ryðmyndunar, tæringar, rýrnunar eða slits á vél eða vélarhlutum vegna eðlilegrar notkunar eða annarra samfelldra áhrifa frá efnum eða andrúmslofti, óæskilegrar uppsöfnunar ryðs, leðju, ketilsteins eða annarra útfellinga.
- 4.11 Bilunar vegna prófunar, of mikils álags, af ásettum ráði, eða vegna tilrauna sem fela í sér óeðlileg vinnsluskilyrði fyrir vélina.
- 4.12 Eldsvoða, sprengingar, eldingar, hvort sem tjónið stafar beint eða óbeint af slökkvistarfi og því sem þessu fylgir: Niðurbroti, sundurtekt og hreinsun rústa.
- 4.13 Þjófnaðar eða innbrots.
- 4.14 Hvers konar veikleika eða galla sem voru fyrir hendi við gildistöku vátryggingarinnar sem vátryggðum eða starfsmönnum í ábyrgðarstöðum hjá honum var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um.
- 4.15 Orsaka sem framleiðandi eða seljandi hinna vátryggðu hluta ber ábyrgð á samkvæmt lögum eða gerðum samningi.
- 4.16 Tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.
- Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

- 4.17 Félagið bætir hvorki óbein né afleidd tjón.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðenda varðandi notkun, meðhöndlun og viðhald vélarinnar.
- 6.2 Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónaraðila hinna vátryggðu véla og búnaðar.

9. Áhættubreyting

- 9.1 Vátryggður skal tilkynna félaginu verði breyting á þeirri áhættu sem vátryggð er.
- 9.1.1 Aukning á upphaflegri áhættu.
- 9.1.2 Hvers konar breytingar á og viðbætur við hinn vátryggða hlut.
- 9.1.3 Fráhvarf frá fyrirfram ákveðnu vinnufyrirkomulagi sem veldur því að hætta á tjóni eða skemmdum eykst.
- 9.1.4 Breytingar á hagsmunum vátryggingartaka eða vátryggðs, svo sem ef fyrirtækið stöðvar rekstur, hættir eða er tekið til gjaldprotaskipta.



9.2 Vanræksla á tilkynningu um ofangreind atriði getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Greiðsla iðgjalds

10.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Endurgreiðsla iðgjalds

11.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

11.2 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 11.1.

12. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinni váttryggðu vél fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingarátburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

13. Váttryggingarfjárhæð

13.1 Váttryggingarfjárhæð skal vera jafnhá kaupverði á nýrri vél eða búnaði af sömu tegund og með sömu afkastagetu, ásamt flutningskostnaði á váttryggingarstað, uppsetningarkostnaði, tollum og öðrum gjöldum.

13.2 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna.

13.3 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

14. Eigin áhætta

14.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

14.2 Verði margar vélar fyrir tjóni við sama tjónsatburðinn og beri þær mismunandi eigin áhættu gildir hæsta eigin áhættan.

14.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

15. Ákvörðun bóta

15.1 Í tjónstilvikum þar sem viðgerð reynist framkvæmanleg greiðir félagið bætur til að koma skemmdu vélinni í sama vinnsluástand og hún var í fyrir tjón. Ef slík viðgerð leiðir til aukningar á verðmæti vélarinnar lækka tjónabæturnar sem verðmæt aukningunni nemur. Félagið greiðir einnig kostnað við sundurtekt og enduruppbyggingu vegna viðgerðar, svo og eðlilegt flutningsgjald, tolla og önnur gjöld, ef einhver eru. Fari viðgerð fram á verkstæði í eigu váttryggðs greiðir félagið efniskostnað og laun vegna viðgerðarinnar, auk eðlilegs stjórnunarkostnaðar. Frá tjónabótum skal draga verðmæti endurnýtanlegra hluta.

15.2 Eyðileggist váttryggð vél eða verði viðgerðarkostnaður jafn mikill eða meiri en raunveranlegt verðmæti vélarinnar verða bótagreiðslur þannig: Félagið greiðir váttryggingarverðmæti hlutarins eins og það var þegar tjónið varð. Váttryggingarverðmæti er talið verð nýrrar vélar eða búnaðar að viðbættum flutningskostnaði, uppsetningu og tollum, en að frádregnum eðlilegum afskriftum. Félagið greiðir einnig eðlilegan kostnað við að fjarlægja þær vélar sem skemmst hafa, en ávallt skal draga frá verðmæti þeirra hluta sem unnt er að endurnýta.

15.3 Kostnaður við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni greiðist ekki.

15.4 Félagið greiðir kostnað af bráðabirgðaviðgerð ef slík viðgerð er hluti af endanlegri viðgerð og eykur ekki heildarviðgerðarkostnaðinn.

15.5 Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það lætur gera við hinn skemmda hlut, afhendir váttryggðum heila sams konar muni með sama notagildi eða bætir tjónið samkvæmt mati með peningagreiðslu.

15.6 Bótaskylda félagsins fyrir sérhverja vél eða tæki skal aldrei nema hærri upphæð en váttryggingarfjárhæðinni á hverju váttryggingartímabili. Þó geta bætur á einu ári orðið hærri greiði váttryggingartaki hlutfallslegt viðbótariðgjald.

15.7 Sérstakur kostnaður, svo sem vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, bætist ekki nema þess sé sérstaklega getið í váttryggingarsamningnum.



16. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

17. Tvítrygging

- 17.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 17.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 17.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

18. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

19. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.